

Umhverfis- og samgöngunefnd
nefndasviði Alþingis
við Vallarstræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 14. október 2022

Umsögn

Efni: 167. mál Stjórnarfrumvarp, þingskjal 168 á 153. löggjafarþingi.

Heiðraða umhverfis- og samgöngunefnd

Bifreiðastjórafélagið Frami og Bandalag íslenskra leigubifreiðastjóra (hér eftir nefnd Frami og B.Í.L.S.) vilja ítreka fyrri umsagnir sem þau hafa sent umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis varðandi fyrri frumvörp sama efnis. Auk þeirra umsagna bætist við ný umsögn um lög um leigubifreiðaakstur 167. mál, þingskjal 168 á 153. löggjafarþingi.

Leigubifreiðastjórar vilja benda á fleiri þætti sem hafa komið í ljós eftir umsagnir fyrri frumvarpa.

Vinna starfshóps um heildarendurskoðun á íslensku regluverki um leigubifreiðar, lauk 2018. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar og þá sér í lagi staðfestar fregnir af spillingu, undirróðri og annarri glæpastarfsemi Uber gegn leigubifreiðakstri í Evrópu. Vinna starfshópsins laut þannig ekki að misferli Uber né heldur var tekin til skoðunar ólöglegt samkeppni héraðs sem stétt leigubifreiðastjóra kærði árið 2014. Starfshópurinn sem skipaður var af samgönguráðherra, hafði ekki sæti fyrir forsvarsmenn Bandalags íslenskra leigubifreiðastjóra. Þannig hefur B.Í.L.S. og landsbyggðinni allri verið haldið utan umræðunnar sem fram fór við fyrsta undirbúning þessa frumvarps. B.Í.L.S. harmar að ekki sé tekið tillit til landsbyggðarinnar, en breytingar á gildandi lögum myndu hafa hörmulegar afleiðingar og bitna á þjónustu við almenning. Því telur B.Í.L.S. vinnuafrakstur starfshópsins ófullnægjandi til ráðagerða við undirbúning lagafrumvarps.

Frumvarpið sem nú liggur fyrir samgöngunefnd Alþingis hefur verið mótað að umsögnum þeirra hagsmunasamtaka sem kallað hafa eftir frelsi á leigubílamarkaði og vitnað ítrekað í Uber. Þann 8. september sl. sagði innviðaráðherra Sigurður Ingi Jóhannsson í útvarpi að Uber væri velkominn til Íslands. Sama dag voru leigubifreiðastjórar víða að úr Evrópu að mótmæla á götum úti og fyrir framan þing

framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í Brussel. Þar fengu þeir áheyrn þingmanna og kröfðust þess að fá öll skjöl upp á borðið sem varða misferli Uber. Í skjölunum koma fram upplýsingar um mútugreiðslur og samskipti þar sem gerendur eru meðvitaðir um eigin sök og ólögmati starfsemi Uber. Kanna þarf hvort íslenskir aðilar hafi þegið fjármuni frá Uber til að hafa áhrif á umhverfi leigubifreiðaaksturs hér á landi.

Leigubifreiðastjórar benda á að óviða í atvinnulífinu er eins brýnt að viðhalda lögverndun. Ekki einungis til að tryggja öryggi neytenda heldur til að sporna við alþjóðlegri glæpastarfsemi sem víða erlendis hefur seilst inn í atvinnugreinina og notar bifreiðararnar til drefingar á ólöglegum fíkniefnum svo dæmi sé tekið. Hér er ekki um að ræða neinn hræðsluáróður heldur beinhardar staðreyndir.

Stöðvarskylda leigubifreiða er nauðsynleg til að tryggja þjónustu við almenning, sinna reikningsviðskiptum, svo sem í tilvikum ríkis og sveitarfélaga. Það er dapurlegt til þess að líta, að enn hefur umhverfis- og samgöngunefnd ekki fallist á að tryggja tilvist og þátttöku stéttarfélags leigubifreiðastjóra í frumvarpinu, þrátt fyrir umsagnir þar sem bent er á þann ágalla. Svo þannig má lesa út úr ítrekuðum breytingum á frumvarpinu, að tilgangur þess sé aðallega sá að brjóta niður lögverndun atvinnugreinarinnar og afnema hlutdeild stéttarfélagsins.

Varnaðarorð B.Í.L.S.:

1. Formaður umhv.og samgöngunefndar Vilhjálmur Árnason, komst svo að orði á Alþingi um þetta frumvarp að „ganga greitt til verksins“. Bandalagið varar við slíkum vinnubrögðum, sem eru til þess fallin að sniðganga almenna umræðu og líta framhjá þeirri úrvinnslu sem nágrannaþjóð okkar í Noregi á eftir að skila af sér eftir samskonar breytingar. Þar var lögum um leigubifreiðaakstur breytt árið 2020 með tilheyrandi afleiðingum sem hafa skaðað þjónustugreinina gagnvart öllum.
2. Að hleypa lögaðila inn á markaðinn til þess að reka leigubifreiðar að ótakmörkuðum fjölda í samkeppni við einyrkja, býður án nokkurs efa upp á mismunun og undirboð í greininni. Undirboð og handstýringar á verðskrá í takti við framboð og eftirspurn, eru ekki sómasamlegir viðskiptahættir.
3. Með ótakmörkuðum fjölda leyfa og án takmörkunarsvæða, er ekki unnt að sjá í frumvarpinu hvernig eigi að tryggja eftirlit með nýtingu leyfanna, dreifingu, uppihaldi þjónustu eða brotum. Þá er í frumvarpinu í engu gert ráð fyrir fjármagni til málaflokksins. Útskýringin á skertu eftirliti og takmarkaðri getu Samgöngustofu til að sinna málefnum leigubifreiða, er einmitt fjármagnsskortur til málaflokksins. Auka þarf fjármagn til eftirlits sem þjónar öryggi almennings og starfsumhverfi leigubifreiða.

Með tilliti til nýliðinna atburða í Evrópu, vilja leigubifreiðastjórar mótmæla frumvarpinu alfarið og fordæma vinnu starfshóps um heildarendurskoðun á íslensku regluverki um leigubifreiðaakstur.

Af öllu framansögðu og með vísan til fyrri álita okkar má ljóst vera hvílikt feigðarflan samþykkt þessa frumvarps yrði fyrir leigubifreiðaakstur hér á landi. Frami og B.Í.L.S. leggjast því alfarið gegn frumvarpinu og leggja áherslu á að þess í stað verði leitað leiða til að taka á ólöglegri starfsemi í atvinnugreininni og hún upprætt.

Með hag neytenda og starfstéttar að jöfnu leiðarljósi
Virðingarfyllst

F.h. Bandalags íslenskra leigubifreiðastjóra og Bifreiðastjórafélagsins Frami

Daníel O. Einarsson
formaður

